

ÁRSSKÝRSLA

Sjálfstjargarheimilisins 2019

Virðing – gæði – samvinna



Sjálfstjargar
HEIMILIÐ

HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ÞÉKKINGARMÍÐSTÖÐ - SUNDLAUG

Skýrsla Sjálfstjargarheimilisins lögð fyrir 5. landsfund
Sjálfstjargar landssambands hreyfihamlaðra,
haldinn í Reykjavík 26. september 2020.

EFNISYFIRLIT:

1	STJÓRN	5
2	SJÁLFSBJARGARHEIMILIÐ	6
3	STARFIÐ 2019	7
3.1	STARF STJÓRNAR	9
3.2	ÁVARP FORMANNS	12
3.3	SKRIFSTOFA	13
3.4	HEIMILI	14
3.5	ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	15
3.6	ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ	17
3.7	MÖTUNEYTI	17
3.8	FASTEIGNAUMSJÓN	18
4	ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGARHEIMILISINS	19

Útgefandi:

Sjálfshjargarheimilið
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500300

Myndir:

Ýmsir

Samantekt og uppsetning:

Þórdís Rún Þórisdóttir

Ábyrgðarmaður:

Þórdís Rún Þórisdóttir
thordis@sbh.is

Hönnun, umbrot og prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



Stjórn

Á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra árið 2018 var gerð sú breyting að landsfundur skipar ekki lengur sjálfstæða stjórn fyrir Sjálfsbjargarheimilið (SBH). Frá þeim tíma að telja er stjórn Sjálfsbjargar Ish. jafnframt stjórn SBH. Stjórnin er kjörin á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í samræmi við lög samtakanna. Stjórnin fer með yfirstjórn SBH í umboði landsfundar Sjálfsbjargar Ish. Stjórnin er skipuð sjö einstaklingum og tveimur til vara.

Bergur Þorri Benjamínsson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	formaður
Jón Heiðar Jónsson	Sjb. á Akureyri og nágrenni	varaformaður
María Óskarsdóttir	Sjb. á Húsavík og nágrenni	gjaldkeri
Jón Eiríksson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	ritari
Guðmundur I. Kristinsson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	meðstjórnandi
Guðni Sigmundsson	Sjb. á Mið-austurlandi	meðstjórnandi
Margrét S. Jónsdóttir	Sjb. á Suðurnesjum	meðstjórnandi
Ásta Dís Guðjónsdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varamaður
Ólafía Ósk Runólfssdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varamaður



Sjálfsbjargarheimilið

Sjálfsbjargarheimilið var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg landsambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn á heimilið. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandinn að byggingunni á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan að henni var tekin árið 1966 og bar heimilið fyrstu árin nafnið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar en því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið. Árið 1997 staðfestir stjórn skipulagsskrá fyrir SBH og segir þar m.a.: „Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Markmið Sjálfsbjargarheimilisins er að: Gera íbúum kleift að lifa eins sjálfbjarga lífi og mögulegt er. Þess skal gætt að réttur þeirra til sjálfsákvörðunar sé virtur. Taka skal mið af þörfum hvers og eins og stuðla að innihaldsríku lífi.“

Starfsemin hefur síðan vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum frá upphafi. Sjúkráþjálfun hófst (1978), dagvist er stofnuð (1979), sundlaugin er opnuð (1981). Rými fyrir skammtímadvöl er útbúið (1989), fyrsti iðjubjálfinn ráðinn (1990), sjálfstæð stjórn SBH fyrst skipuð (1991). Endurhæfingaríbúð er tekin í notkun (1993), nýtt húsnæði vígt fyrir dagvistina (1994) og teknar í notkun tvær setustofur (1999). Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins verður til við sameiningu iðjubjálfunar og Dagvistar Sjálfsbjargarheimilisins (2002). Sjálfstæð búseta með stuðningi (2003) og Þekkingarmiðstöð SBH stofnsett (2012), Hjálpartækjaleiga eitt af verkefnum Þekkingarmiðstöðvar (2017). Þá hefur reksturinn stöðugt verið að taka breytingum fram á þennan tíma og m.a. er áherslan núna á sjálfstæða búsetu með stuðningi og stærra íbúðarrými fyrir hvern íbúa. Á árinu var aukin áhersla sett á endurhæfingu og framvegis verða

teknir inn einstaklingar í tímabundna búsetu sem fara í endurhæfingu til allt að tveggja ára.

Þá var skrifstofuhaldið sameinað með Sjálfsbjörg lsf. árið 2011 og sami framkvæmdastjóri stýrði bæði SBH og samtökunum. Síðla árs 2016 var ákveðið að hverfa aftur til sama horfs og gildi fyrir 2011 þ.e. að aðskilja skrifstofurnar á nýjan leik. SBH hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun árin 2006, 2008, 2009 og 2013 og hlaut svo viðurkenninguna Stofnun ársins 2014. Um er að ræða verkefni á vegum SFR – stéttarfélags í almannaðjónustu.

Í skýrslunni er greint frekar frá starfsemi SBH. Sjálfsbjargarheimilið er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði. Stofnunin er á föstum fjárlögum og hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá árinu 1992. Lagagrundvöll rekstursins er að finna í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, nánar tiltekið í 2. mgr. 7. gr. laganna.



Starfið 2019

Fjöldi stöðugilda var 54 á árinu 2019. Er það örlítill breyting frá fyrra ári en þá voru stöðugildi 55. Á árunum 2016 og 2017 voru þau hinsvegar 58 en á þessum árum varð auking í fjölda stöðugilda vegna langtímaveikinda starfsfólks. Ef farið er aftur til ársins 2015 voru stöðugildi 56 sem er svipaður fjöldi og var á árinu 2019.

Á árinu var farið af stað með tilraunverkefnið „stytting vinnuvikunnar“ sem hefur gengið vonum framar. Starfsmenn í fullu starfi fá allt að 2 klst á viku í styttingu og hefur þetta orðið til þess að veikindadögum starfsmanna hefur fækkað töluvert milli árána 2018 og 2019 eða um 30%. Á árinu 2019 voru þeir 2.125 en á árinu áður voru þeir 3.044. Dögum vegna veikinda barna fækkaði einnig úr því að vera 42 árið 2018 í 21 árið 2019. Starfsmenn eru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag og hefur framkvæmd þess gengið vel.

Fésbókarsíða starfsmanna heimilisins er notuð í meiri mæli til að koma skilaboðum áleiðis til starfsmanna og eru þeir hvattir til að setja inn á síðuna upplýsingar sem þeir telja að skipti máli fyrir starfsmenn og/eða starfsemina.

Ýmislegt var gert með starfsmönnum á árinu. Allir starfsmenn fengu páskaegg í gjöf frá heimilinu og haldin var páskagetraun. Í apríl var árleg vorferð starfsmannafélagsins en að þessu sinni var farið út að borða og á uppstand hjá grínhópnum Mið-Ísland. Var mikil ánægja með breytt fyrirkomulag á vorferðinni. Á árinu var settur upp hjólastandur fyrir þá starfsmenn sem koma á hjólum til vinnu. Tveir starfsmenn, báðir búsettir í Garðabæ, hafa verið mjög duglegir að hjóla í vinnuna á árinu. Árshátíðin var að þessu sinni haldin á Hótel Grímsborgum. Venju

samkvæmt var starfsmönnum og íbúðum boðið upp á þorramat og á jólahlaðborð í matsalnum. Þetta var hið glæsilegasta og eiga starfsmenn eldhúss þakkir skilið fyrir sitt framlag. Starfsmenn og íbúar klæddu sig upp á Hrekkjavöku og héldu jólaþeysudag fyrir jólin. Veitt voru verðlaun fyrir m.a. jólaþeysu þeysuna. Svalir hússins voru mikið notaðar þetta árið þar sem sumarið var gott og margir sólardagar. Á svölunum voru gróðursett blóm, drukkið kaffi og haldin grillpartý við mikinn fögnuð íbúa og ekki síður starfsmanna.

Sjálfsbjargarheimilið tekur þátt í könnun um Stofnun ársins og var ákveðið að vinna frekar með niðurstöður fyrri ára. Ein leiðin er að taka starfsmannasamtöl og hófust samtölin í nóvember og stóðu fram í byrjun desember. Í fyrstu hrinu var ákveðið að tala um væntingar og hlutverk starfsmanna. Á næsta ári verður haldið áfram með samtölin og þá rætt um starfsanda og starfsþróun.

Gæðateymi er að störfum og koma að því starfsmenn úr flestum starfseiningum Sjálfsbjargarheimilisins. Gæðateymi hefur haft umsjón með skipulagningu viðburða fyrir starfsmenn og er þeim færðar þakkir fyrir framlag sitt á árinu, starfseminni til heilla. Á meðal þess sem gæðateymið skipulagði voru



starfsdagar starfsmanna sem voru haldnir í byrjun október. Á starfsdaga kom Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun og fræddi hún starfsmenn um jákvæð samskipti og fléttaði inn í vinnu starfsdaga gildi Sjálfsbjargarheimilisins sem eru virðing, gæði og samvinna. Ýmislegt annað var gert á árinu með starfsmönnum, þeim var boðið að taka þátt í jóga, gong slökun, göngum og keilu svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu lét af störfum Sigríður S. A. Ágústsdóttir sjúkraliði eftir 44 ára starf hjá heimilinu og Elín Ebba Guðjónsdóttir starfsmaður í þvottahúsi eftir rúmlega 26 ára starf. Einnig lét af störfum Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri til rúmlega 30 ára. Var þeim öllum þakkað fyrir sitt mikilvæga framlag í þágu heimilisins. Mikil eftirsjá er eftir þessum sóma starfsmönnum.

Rekstur heimilishlutans hefur nokkuð markast af þeirri stefnu að breyta búsetu íbúanna yfir í sjálfstæða búsetu með stuðningi. Á árinu 2019 dvöldu að jafnaði 31 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu og njóta þeir fullrar hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu. Þar af eru 8 íbúar sem dvelja í herbergjum á 5. hæðinni í B álmu og 23 íbúar sem búa sjálfstætt í íbúðum í C-álmunni.

Þverfaglegt inntökuteymi tók til starfa á árinu en það teymi fjallar um umsóknir og metur

endurhæfingarpörf umsækjenda. Er þetta veigamikil breyting á starfsemi þar sem inntaka er bundin við tímamörk. Umsækjendur geta verið allt að tvö ár á heimilinu en búseta þeirra byggist á endurmati inntökuteymisins. Hver umsækjandi fær endurhæfingaráætlun sem byggir á þverfaglegu samstarfi eininga innan Sjálfsbjargarheimilisins og er endurhæfingaráætlun endurskoðuð og metin með tilliti til framfara á sex mánaða fresti.

Rekstur Þjónustumiðstöðvarinnar er í jafnvægi og hefur fjöldi einstaklinga sem hafa notið þjónustunnar verið nokkuð jafn yfir árið eða tæplega 60 manns. Áhersla er á að umsækjendur séu á aldrinum 18 til 67 ára en eftir 67 ára er gert ráð fyrir takmarkaðri þjónustu. Þjónustumiðstöðin gegnir veigamiklu hlutverki í endurhæfingu og inntökuteymi.

Þekkingarmiðstöðin hefur verið að próa sína starfsemi og hefur megináhersla verið á þjónustu í gegnum vefsíðu. Útleiga hjálpartækja hefur gengið ágætlega en Þekkingarmiðstöðin annast móttöku beiðna um leigu.

Rekstur mótuneytisins hefur verið jafn og gengið vel og er almenn ánægja með matinn og fyrirkomulag hans.

Rekstur fasteignarinnar og lóðar er alltaf þungur og þyrfti miklu meira fjármagn ef uppfylla ætti allar óskir. Á árinu var viðhaldi sinnt í garði fyrir aftan húsið ásamt því að sinna viðhaldi innanhúss eftir þörfum.

Sundlaugin er komin til ára sinna en þjónar ennþá sínu hlutverki. Afar mikilvægt er orðið að endurnýja lyftubúnað við laugina. Útleiga á lokuðum tímum er stöðug og á árinu var tekið í notkun aðgangsstýringarkerfi fyrir notendur laugarinnar.

Fjárhagslegur rekstur SBH var viðunandi á árinu 2019. Töluverður viðsnúningur varð á rekstinum þar sem aðhaldsaðgerðir fyrri ára eru að skila sér að fullu. Mestu skiptir að launaliðurinn var undir áætlun en það er stærsti rekstarliður Sjálfsbjargarheimilisins. Úrdráttur úr ársreikningi fylgir með aftast í skýrslunni.

3.1 Starf stjórnar

Helstu verkefni stjórnar eru að taka ákvarðanir í öllum meiriháttar málum er varðar starfsemi SBH, svo sem að móta stefnu fyrir heimilið, samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs og öll meiriháttar útgjöld. Ársreikningur SBH er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykkja ársreikninginn með undirskrift sinni. Skýrsla SBH og ársreikningur er kynnt á árlegum landsfundum Sjálfsbjargar Ish. Framkvæmdastjóri SBH er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur SBH.

Haldnir eru stjórnarfundir að jafnaði mánaðarlega. Þó falla niður stjórnarfundir yfir hásumarið og í kringum jól og páska. Á árinu hélt stjórnin 8 formlega bókaða stjórnarfundum og í lok árs höfðu alls verið haldnir 214 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnarinnar árið 1991. Hér á eftir er greint frá helstu umfjöllunaratriðum og ákvörðunum sem fram fóru á stjórnarfundum SBH árið 2019.

207. stjórnarfundur 28. janúar 2019

- Sagt var frá tilnefningu Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargar til Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2018. 3. desember síðastliðinn voru verðlaunin veitt. Í flokknum, Tilnefningar aðildarfélag ÖBÍ var Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar tilnefnd. Í greinargerð kom fram eftirfarandi: „Fyrir einstaklingsmiðaða þjónustu sem veitt er þar sem hennar er þörf, hvort sem er í þjónustumiðstöðinni eða úti í samfélaginu, t.d. á heimili viðkomandi. Frábært starfsfólk sem vinnur gott starf og sýnir virðingu og tillitsemi.“
- Farið var yfir fundargerð 206. fundar frá 26. nóvember 2018. Var hún samþykkt án athugasemda af stjórn.
- Farið var yfir fjármál SBH fyrir árin 2018/2019. Sagt var frá niðurstöðu fjárlaga 2019 fyrir SBH. Gert var upphaflega ráð fyrir óbreyttum fjárhag frá árinu 2018 en ánægjulegt er að segja frá því að fjárheimilid fékkst til að styrkja rekstargrunn og fella út aðhaldskröfu ársins. Fjárlög ársins vera því 694,2 milljónir fyrir árið 2019.
- Sagt var frá fyrirhugaðri heimsókn frá Sjúkratryggingum Íslands og heilbrigðisráðuneyti þann 5. febrúar 2019. Verið er að vinna að undirbúningi og kynningu á starfsemi en á fundinum verða fyrir hönd SBH Tryggvi og Þórdís og fyrir hönd Landsambandsins verða á fundinum Bergur og Þorsteinn. Einnig verður Þorkell Sigurlaugsson á fundinum.
- Lögð var fram tillaga um breytt skipulag þjónustu í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar. Tillagan felur í sér breytt skipulag á þjónustu á miðvikudögum frá kl 13-16 en lagt er til að frá 1. maí 2019 mæti eingöngu þeir sem eiga pantaðan tíma í einstaklings eða hóppjálfun í Þjónustumiðstöðina á þessum tíma. Tillagan var samþykkt af stjórn.
- Þórdís kynnti hugmyndir um tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku starfsmanna SBH og sagði frá reynslu Reykjavíkurborgar sem hefur verið góð. Þar fækkaði veikindatilfellum og starfsánægja jókst. Tillaga var samþykkt af stjórn.
- Kynnt jákvæð umsögn aðstandanda íbúa heimilisins, send í tölvupósti 10. jan. 2019. Lagt til að birta þetta á facebook síðu starfsmanna sem verður gert. Stjórnarmenn lýsa ánægju seinni með þessa umsögn.
- Búið er að birta viðtal við Steinunni Finnbogadóttur fyrrum forstöðumann Dagvistar Sjálfsbjargar á heimasíðu SBH. Steinunn setti á stofn dagvistina en hún starfaði hjá SBH frá árinu 1979 til 1996.
- Fundargerð 7 manna nefndar þann 7. janúar 2019 lögð fram til kynningar og farið var yfir hana stuttlega. Vetrarhátíð verður haldin 21. mars og boðið upp á þorramat þann 31. janúar. Einar Már var með upplestur fyrir íbúa fyrir jól og Silja Aðalsteinsdóttir verður með upplestur þann 29. janúar nk.

208. stjórnarfundur 25. febrúar 2019

- Farið var yfir fundargerð 207. fundar frá 28. janúar 2019 og hún borin upp til samþykktar. Var hún samþykkt án athugasemda.
- Kynnt var bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2018 en niðurstaðan sýnir að hallinn verður um 4.000.000.- Það tókst að koma böndum á launakostnað á seinni hluta ársins og önnur gjöld voru innan áætlana. Hallinn er því rétt um 0,5%. Farið var yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir því í fjárlögum 2019 að önnur gjöld hækki um 2,9% milli ára og er því beitt á flesta gjaldaliði. Áætlun var borin upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhlið.
- Sagt var frá heimsókn Sjúkratrygginga Íslands og heilbrigðisráðuneytis þann 5. febrúar 2019. Sýnd var glærkynningin sem var unnin fyrir þennan fund en þar var sagt frá starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins og framtíðar uppbyggingar áformum Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra. Einnig voru kynnt gögn sem voru send í ráðuneytið þann 15. febrúar 2019. Einnig voru sendar upplýsingar um sértekjur sem heimilið fær og skiptingu þeirra eftir starfsemi. Beðið er eftir viðbrögðum frá ráðuneytinu.
- Fundargerð 7 manna nefndar 11. febrúar 2019 var lögð fram til kynningar. Þar var helst rætt um Ípad fyrir íbúa sem á erfitt með að tjá sig en það verður farið yfir það mál með þjónustumiðstöðinni. Sagt var frá vetrarhátíðinni, þorramatnum og upplestri. Venju samkvæmt var rætt um matinn og umgengni um hnifapör í matsal.

209. stjórnarfundur 25. mars 2019

- Ársreikningur SBH fyrir árið 2018 var kynntur af Tryggva Jónssyni löggiltum endurskoðanda frá PWC. Gerð er ábending um fjárhagsstöðu en áritunin er fyrirvaralaus. Bent var á að mikilvægt er að vekja athygli á því að heimilið á ekki lengur sjóði til að ganga í. Einnig er mikilvægt að halda því til haga að veikindi kostuðu heimilið mikið á árunum 2017-2018 og að skuldbinding vegna veikinda getur verið mikil samkvæmt kjarasamingum
- Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra ályktaði vegna ársreiknings Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2018.

Í árslok 2018 var eigið fé Sjálfsbjargarheimilisins neikvætt um 188,9 millj. kr. Skuldir heimilisins nema samtals 196,2 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 121,9 millj. kr. og skammtímaskuldir 74,3 millj. kr. Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu telur stjórn Sjálfsbjargarheimilisins að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnunarmöguleika sé ekki hætt á greiðslufalli hjá heimilinu í nánustu framtíð. Ef áætlanir stjórnenda og fjármögnunar- möguleikar ganga

ekki eftir getur ríkt verulegur vafi um gjaldfærni og áframhaldandi rekstur.

- Reikingurinn var lagður fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.
- Farið var stuttlega yfir fundargerð 208. fundar frá 25. febrúar 2019 og hún lögð fram til samþykktar. Var hún samþykkt.
- Sagt var frá samingi við Alvican um nýja neyðarhnappa fyrir íbúa SBH. Hnappurinn er þannig útbúin að hann virkar eins og sími og hægt er að tala í hann hvar sem hann er staddur.
- Þórdís Þórisdóttir kynnti aðgerðaráætlun sem persónuverndarhópur SBH hefur sett saman. Sagt var frá næstu skrefum en stefnt er að því að klára verkefnið í vor og haust.
- Fundargerð 7 manna nefndar 11. mars 2019 var lögð fram til kynningar og einnig var sagt frá Vetrarhátíðinni sem var haldin nýlega. Stefnt er að því að fá Hallgrím Helgason með upplestur, rætt var um matsalinn og matinn venju samkvæmt. Kanna á hvort að hentugt sé að kaupa samlokugrill fyrir 4. og 5. hæð. Rætt var um reykingar fyrir framan húsið og reykingaherbergið.

210. stjórnarfundur 3. maí 2019

- Farið var yfir fundargerð stjórnarfundar frá 25. mars 2019. Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.
- Ársskýrsla SBH fyrir árið 2018 var lögð fram til kynningar en farið verður betur yfir ársskýrsluna á landsfundi Sjálfsbjargar sem verður haldinn 4 maí.
- Kynnt var bráðabirgðauppgjör SBH fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2019. Það horfir til betri vegar í rekstri en tekjur eru 180 milljónir á fyrstu 3 mánuðum. Laun og launatengd gjöld eru undir áætlun og afgangur er af almennum rekstri. Athuga þarf að uppgjórið er bráðabirgða og því eru ekki allir gjaldaliðir komnir inn. Búist er við að árið verði réttu megin við núllið en aðhaldsaðgerðir fyrra árs skila sér í betri rekstri á þessu ári.
- Þórdís R. Þórisdóttir fór yfir verkefnið „Stytting vinnuvikunnar“. Það hefur gengið vel og þótt aðeins 2 mánuðir séu liðnir af verkefninu þá eru vísbendingar um minna skrepp í vinnutíma og um færri veikindadaga. Tekin verður ákvörðun um framhaldið seinna í mánuðinum.
- Fundargerð 7 manna nefndar frá 15. apríl 2019 lögð fram til kynningar. Sagt var frá vetrarhátíðinni sem heppnaðist vel, rætt var um að kaupa samlokugrill á 4. og 5. hæðina, tímasetningar kvöldmatar voru ræddar og umræða var um reykingar. Þá gerði einn íbúi athugasemd vegna þess að ekki var haldið páskabingó í ár og lagt var til að það yrði Eurovisionkvöld..

211. stjórnarfundur 31. maí 2019

- Farið var yfir fundargerð stjórnarfundar frá 3. maí 2019. Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.
- Lagt fram minnisblað um tilraunverkefni vegna styttingu vinnuvikunnar. Stjórn samþykkti tillögu um áframhald verkefnisins þar til nýir kjarasamningar hafa verið undirritaðir.
- Starfsemi og skipulag Sjálfsbjargarheimilsins. Kynnt stöðuskýrsla dags. í maí 2019.
- Ársskýrsla Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu starfsárið 2018-2019 lögð fram til kynningar.

- Stofnun ársins 2019. Kynntar niðurstöður. Framkvæmdastjóri gat þess að gæðateymi SBH tæki skýrslu um niðurstöður til umfjöllunar og gert væri ráð fyrir að lagðar yrðu fram tillögur á hausti komanda
- Fundargerð 7 manna nefndar frá 15. apríl 2019 lögð fram til kynningar. Í fundargerð kom fram að ekki eru gerðar athugasemdir við þá hugmynd að flytja reykingaaðstöðu að austanverðu við norðurhlíð hússins.
- Önnur mál - rætt var um í stjórn að forstöðumenn kæmu inná stjórnarfund í haust með kynningu á starfssemisþætti hvers um sig.

212. stjórnarfundur 13. september 2019

- Kynnt var bráðabirgðauppgjör fyrstu 6 mánuði ársins 2019 en hagnaður er af rekstri fyrri hluta ársins sem má rekja til lægri kostnaðar á launalið. Ekki hefur verið ráðið í stöðugildi hjá Þekkingarmiðstöð og Þjónustumiðstöð. Einnig hefur verið dregið úr kostnaði við þríf á sundlaug og í ár koma fram full áhrif af samningi við Heilsuvernd. Aðrir liðir eru á áætlun en þó hefur liðurinn "Lyf og hjúkrunarkostnaður" farið fram úr áætlun en keyptar hafa verið loftdýnur og gert við bekkinn skolvél.
- Upplýst var um breytingar á afborgunum lána árið 2020 vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga starfsmanna. Fyrstu 3 árin var greitt af vöxtum en þann 1.4.2020 hefjast afborganir af höfuðstól lánanna. Skoða þarf áætlun um afborganir þegar fjárlög liggja fyrir.
- Bergur Þ. Benjamínsson kynnti starfslokasamning Tryggva Friðjónssonar. Engar athugasemdir komu fram frá stjórnarmönnum vegna starfslokasamningsins.
- Önnur mál - fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi. Þar kemur fram að fjárveitingar á safnlið sem Sjálfsbjargarheimilisins fellur undi ásamt fleirum hækka um 1,02% en fjárveitingar til annarra sambærilegra stofnana hækka um 2,8%-3,2%. Reyndar liggja ekki fyrir skipting á fjárhagsliðnum en gera má ráð fyrir að skipting innan fjárhagsliðar liggja ekki fyrir en frumvarpið hefur verið samþykkt.

213. stjórnarfundur 25. október 2019

- Fundargerð 211. stjórnarfundar frá 31. maí var lögð fram til samþykktar. Var hún samþykkt án athugasemda.
- Fundargerð 212. stjórnarfundar frá 13. september var lögð fram til samþykktar. Var hún samþykkt án athugasemda.
- Sagt var frá starfsdögum starfsmanna Sjálfsbjargarheimilisins sem voru haldnir 2. og 4. október. Ingrid Khulman frá Þekkingarmiðlun ræddi um samskipti og viðhorf. Starfsmenn unnu nokkur verkefni og eitt þeirra snéri að gildum Sjálfsbjargarheimilisins. Undir lok dagsins kom Marta Gall Jörgensen frá Gallup og fór yfir niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins sem lágu fyrir í vor. Almenn ánægja var með starfsdagana meðal starfsfólks.
- Upplýst var um fyrirhuguð starfsmannasamtöl en ákveðið var að kaupa skýrslu af Gallup sem sýndi nánari greiningar á niðurstöðum könnunarinnar um Stofnun ársins. Tillaga Gallups var að hefja starfsmannasamtöl og hafa forstöðumenn fengið leiðsögn frá Gallup um framkvæmd samtalanna. Áætlað er að taka samtölin í nóvember og ljúka þeim í desember.
- Sagt var frá starfi inntökuteymis og lögð fram til kynningar drög að sameiginlegu umsóknarblaði fyrir búsetu og dagþjónustu. Ljóst er að mikil þörf er fyrir endurhæfingu í samfélaginu og biðlisti er

t.d. í þjónustumiðstöðina og ásókn í búsetu. Mikil þörf virðist vera hjá ungu fólki sem á börn og maka og mikilvægt er að bregðast við þeirri þörf. Lagt er til að langtímabúseta verði takmörkuð í 2 ár og framlenging háð endurmati. Er þetta grunn breyting á því fyrirkomulagi sem verið hefur þar sem engin tímamörk hafa verið á búsetu. Nýtt umsóknarform myndi einungis eiga við þá sem koma í þjónustu ef nýtt umsóknarblað verður samþykkt af stjórn. Ekki er miðað við að þessi skilyrði eigi við þá sem eru þegar íbúar hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Tímamörk eru sett á til að hvetja þá sem koma í endurhæfingu til Sjálfsbjargarheimilisins að fara aftur út í þjóðfélagið og/eða í aðra búsetu. Með þessum breytingum verður hægt að halda flæði í búsetunni. Umsóknin verður lögð fram til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

- Upplýst var um uppsetningu á aðgangstýringarkerfi fyrir sundlaug en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu. Kerfið er sett upp þar sem inngangur í fataklefa er í töluverðri fjarlægð frá sundlaugarvörðum og þeir verða ekki alltaf varir við umgang. Einnig hafa einstaklingar í misjöfnu ástandi farið inn í klefana og notað aðstöðuna. Lögð voru fram drög að umsókn um aðgang að sundlauginni þar sem hver og einn sundlaugagestur þarf að fá kort til að komast inn í fataklefa.
- Farið var yfir fundargerð 7 manna nefndar frá 7. október en þar var sagt frá upplestri á bók Jóns Kalmanns um Sögu Ástu. Töluverð umræða er um mat á þessum fundum en einnig var rætt um bingó og ball sem verður haldið þann 7. nóvember.
- Vinna vegna persónuverndarlaga sem tóku gildi árið 2018 hefur lítið verið sinnt vegna annarra verkefna og hefur Alda Ásgeirsdóttir sviðstjóri hjúkrunar tekið að sér að leiða þetta verkefni. Því verður áframhaldið undir hennar stjórn.
- Almenn ánægja er með vinnutímastyttingu meðal starfsmanna. Farið var yfir þróun á fjölda veikindadaga starfsmanna síðustu 5 ára en dregið hefur úr þeim á þessu ári sem vinnutímastytting hefur verið við lýði. Einnig má sjá töluverða fækkun í fjölda veikindadaga vegna barna sem gefur einnig visbendingu um árangurinn af þessu fyrirkomulagi.
- Sagt var frá framvindu mála vegna nýs skipulags í Þekkingarmiðstöð/ Hjalpartækjaleigu og húsumsjón og sýndar myndir af breytingum á húsnæðinu. Starfsmenn eru ánægðir með fyrirkomulagið.
- Önnur mál: töluverð uppsöfnuð þörf er á endurnýjun á húsbúnaði í þjónustumiðstöð og á heimilinu en þessum verkefnum hefur ekki verið hægt að sinna undanfarin ár vegna fjárskorts. Á næsta fundi stjórnar verða lagðar fram tillögur um kaup á húsbúnaði sem vantar og/eða er farinn að gefa sig ásamt kostnaðaráætlun.
- Ólafía Ósk Runólfsdóttir óskaði eftir því að fá að skoða heimilið og er meira en sjálfsagt að verða við þeirri beiðni. Reynt verður að koma því við á næsta eða þar næsta stjórnarfund. Þá yrði stjórnarmönnum boðið að ganga um húsið og hitta forstöðumenn sem segja stuttlega frá starfsemi sinnar einingar.

214. stjórnarfundur 2. desember 2019

- Fundargerð 213. stjórnarfundar frá 25. október lögð fram til samþykktar en hún var send stjórnarmönnum 29. október 2019. Var hún samþykkt samhljóðandi og án athugasemda.
- Lögð var fram fundargerð 7 manna nefndar þann 4.11.2019 og farið stuttlega yfir helstu umfjöllunarmál en á fundinum kom í ljós að íbúar hittast ekki mikið á kvöldin. Lagt var til við íbúana að þeir myndu

skipuleggja biókvöld og ætla þeir að skoða það. Allir íbúar og starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í jólaþeysudegi sem verður 10. desember. Einnig verða settar upp bókahillur í sameiginlegu kaffirými þar sem fólk getur fengið lánaðar bækur.

- Lagt var fram nýtt umsóknarblað um þjónustu ásamt skýringartexta en það hafði verið kynnt ýtarlega á stjórnarfundum þann 25. október. Helsta breytingin er að langtímadvöl íbúa er háð endurmati. Var nýtt umsóknarblað samþykkt samhljóðandi án athugasemda.
- Sagt var frá fundi í heilbrigðisráðuneyti þann 21. nóvember 2019 vegna stefnumótunar ráðherra í endurhæfingu. Á fundinum fóru Þórdís Rún Þórisdóttir, Alda Ásgeirsdóttir og Valerie Harris. Umræður snéru töluvert að endurhæfingu aldraðra en aðildarfélög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu voru boðuð á þennan fund. Sjálfsbjargarheimilið sendir minnisblað til starfshópsins til að undirstrika mikilvægi endurhæfingu hreyfihamlaðra. Fundarmenn ræddu um og hafa áhyggjur af stöðu sjúkrahjálfunar en sjúkrahjálfarar eru að semja við Sjúkratryggingar Íslands um áframhaldandi samning. Verður fylgst með þeirri framvindu en sjúkrahjálfun er mikilvægur þáttur í endurhæfingu og mikilvæg þjónusta fyrir hreyfihamlaða.
- Sagt var frá fundi í heilbrigðisráðuneyti 14. nóvember 2019 og umfjöllun fjölmiðla þar að lútandi.
- Bráðabirgða fjárhagsáætlun vegna fjárhagsársins 2020 liggur ekki fyrir þar sem enn er ósamið við kjarafélög starfsmanna en samningar hafa verið lausir frá 1.4.2019. Launakostnaður er um 80% af gjöldum og vegna þessara aðstæðna er ekki hægt að leggja fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 en rekurinn hefur gengið ágætlega miðað við niðurstöðu fyrstu 10 mánaða ársins og verður réttu megin við núllið í lok árs.
- Lögð var fram tillaga um að kaup á ýmsum búnaði en töluvert er farið að vanta þar sem lítið hefur verið endurnýjað undanfarin ár vegna þröngs reksturs. Tillagan var samþykkt samhljóðandi og án athugasemda.
- Lögð var fram tillaga um gjaldskrárhækkanir sem gilda frá 1.1.2020. Verið er að leggja til hækkun samkvæmt þróun neysliverðsvisitölu á gjöldum í þjónustumiðstöð, sjálfstæðri búsetu og matarkortum. Tekið verður upp gjald vegna síðdegiskaffis í þjónustumiðstöð og gjald í sundlaug verður hækkað um 500 kr. Var tillagan samþykkt samhljóðandi og án athugasemda.
- Jólalahlaborð starfsmanna verður haldið 12. desember 2019. Þeir stjórnarmenn sem eiga heimagentu eru velkomnir á jólalahlaborðið kl. 12:00.
- Lagt var til að jólagjöf til starfsmanna árið 2019 væri með sama hætti og árið á undan þ.e. kr. 15.000.- gjafakort. Að auki var lagt til að keypt verði lítil gjöf að upphæð kr. 3.000.- Tillagan var samþykkt samhljóðandi án athugasemda.
- Upplýst var um stöðuna á ráðningu skrifstofustjóra en starfið var auglýsing þann 16. nóvember 2019. Þegar umsóknarfresti lauk höfðu borist 37 umsóknir. Verið er að fara yfir umsóknir og áætlað er taka viðtöl við umsækjendur í desember.
- Viðtöl við fyrrverandi starfsmenn, þær Ástu Jónsdóttur og Erlu Jónsdóttur hafa verið birt á heimasíðu Sjálfsbjargarheimilisins www.sbh.is. Ásta starfaði sem hjúkrunarfræðingur og Erla sem félagsráðgjafi hjá heimilinu. Báðar störfuðu þær hjá heimilinu í rúma tvo áratugi.

3.2 Ávarp formanns

Stjórn samtakanna heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði fyrir utan sumarmánuðina og desember mánuð. Þannig hélt stjórnin 8 formlega bókaða stjórnarfundum á árinu 2019 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 214 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991.

Helstu verkefni stjórnarinnar á starfsárinu tengdust stöðu og horfum í rekstri og var rekstarárið 2019 auðveldara en fyrri ár. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar til að leita hagræðingar í rekstri sem skiluðu sér til fulls á árinu 2019.

Búsetufyrirkomulag heimilisins var endurskoðað á árinu og því breytt. Horfið var frá langtímabúsetu og miðast búseta við endurhæfingu sem getur varað í allt að tvö ár. Þverfaglegt inntökuteymi fer yfir umsóknir og setur upp endurhæfingaráætlun. Á endurhæfingartímabilinu fer teymið yfir framgang og metur hvort að framlengja eigi endurhæfinguna. Þetta fyrirkomulag verður til þess að heimilið getur betur mætt þörf sem er á framhaldsendurhæfingu eftir að frumendurhæfingu lýkur. Við lítum björtum augum til framtíðar og þessa nýja fyrirkomulags.

Farið var af stað með tilraunaverkefni sem snéri að því stytta vinnuviku starfsmanna um 2 klst. og tókst það afar vel. Veikindadögum starfsmanna fækkaði um 30% milli árána og veikindadögum vegna barna fækkaði um helming. Á árinu var farið af stað með starfsmannasamtöl og verður því starfi haldið áfram á næsta ári. Forstöðumenn fengu þjálfun frá Gallup með framkvæmd og var almenn ánægja meðal starfsmanna með þetta framtak.

Á árinu lét Tryggvi Friðjónsson af störfum sem framkvæmdastjóri eftir að hafa starfað hjá

Sjálfsbjargarheimilinu í rúm 30 ár. Í tilefni starfslokanna var hann heiðraður með gullmerki Sjálfsbjargar fyrir dýrmæt störf unnin af heilindum og ábyrgð í þágu Sjálfsbjargarheimilisins og þar með Sjálfsbjargar. Haldið var kaffisamsæti honum til heiðurs þar sem hann var kvaddur á þessum tímamótum.

Þórdís Rún Þórisdóttir skrifstofustjóri tók við stöðu framkvæmdastjóra frá og með 1. október. Þórdís hefur starfað hjá heimilinu í næstum 3 ár og verið staðgengill framkvæmdastjóra á þeim tíma. Hún gegndi báðum þessum stöðum samhliða út árið. Þórdís hefur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi heimilisins og rekstri þess og hefur á sínum starfstíma unnið ótullaða í þágu heimilisins. Er hún boðin hjartanlega velkomin til þessa nýja starfs.

Á árinu áttu nokkrir starfsmenn starfsafmæli og ber þarf að nefna að Karína Pedersen iðjuþjálfari í Þjónustumiðstöð átti 10 ára starfsafmæli og Tryggvi Friðjónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri átti 30 ára starfsafmæli. Í síðasta ávarpi gleymdist að nefna 10 ára starfsafmæli Kristínar Rósar Andrésdóttur bókara og launafulltrúa á árinu 2018. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu heimilisins.

Tekin voru viðtöl við tvo fyrrum starfsmenn þær Erlu Jónsdóttur sem starfaði sem félagsráðgjafi í 20 ár og Ástu Jónsdóttur sem starfaði sem hjúkrunarfræðingur í yfir 20 ár.



Hafa þessi viðtöl verið birt á heimasíðu Sjálfsbjargarheimilisins.

Á vettvangi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins hafa verið í undirbúningi uppbyggingaráform á lóð Sjálfsbjargar við Hátún 12. Þetta er stórt verkefni og til næstu ára en aðilar stefna á byggingu nýrrar landsmiðstöðvar þar sem aukin áhersla verður á vægi endurhæfingar í starfsemi. Verkefnið er tímabundið stopp meðan leyst er úr ágreiningi við Brynju hússjóð fyrir dómstólum vegna lóðarskiptingar.

Sjálfsbjargarheimilið er hins vegar þegar farið að taka skref til breyttrar áherslu með því að auka vægi endurhæfingar. Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði Sjálfsbjargarfélögum, íbúum Sjálfsbjargarheimilisins, þjónustugegum í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar og öllum starfsmönnum samtakanna til heilla.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

Bergur Þorri Benjamínsson

Formaður stjórnar Sjálfsbjargar lsh.

3.3 Skrifstofa

Skrifstofan þjónar starfseiningum Sjálfsbjargarheimilisins hvað varðar bókhald, launamál, starfsmannahald, fjármál og daglegan rekstur.



Þórdís Rún Þórisdóttir er framkvæmdastjóri SBH í 100% stöðu. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra 1. október 2019. Þórdís hóf störf sem skrifstofustjóri árið 2017 en þegar hún tók við stöðu framkvæmdastjóra þá sinnti hún nýrri stöðu samhliða stöðu

skrifstofustjóra út árið 2019. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á á öllum daglegum rekstri Sjálfsbjargarheimilisins gagnvart formanni stjórnar. Honum er jafnframt ætlað að vinna að stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða, sem og að koma stefnu stjórnar í framkvæmd. Framkvæmdastjóri hefur með höndum upplýsingagjöf út á við og ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana. Annast samskipti við opinbera aðila og erlenda aðila. Síðan heldur hann reglulega samráðsfundi með forstöðumönnum einstakra rekstrareininga.

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á öllu skrifstofuhaldi Sjálfsbjargarheimilisins, ber ábyrgð á bankareikningum og ábyrgist greiðslur til viðskiptamanna. Hefur yfirumsjón með starfsmannamálum og bókhaldi. Ber ábyrgð á tölvubúnaði, situr í gæðateymi og hefur umsjón með framkvæmd verkefna vegna nýrra persónuverndarlaga sem tóku gildi á árinu.

Á árinu lét Tryggvi Friðjónsson fyrrverandi framkvæmdstjóri af störfum eftir rúmlega 30 ára starfsaldur. Er honum þakkað fyrir störf sín í þágu heimilisins.



Kristín Rós Andrésdóttir er bókari og launafulltrúi Sjálfsbjargarheimilisins í 80% stöðu en hún hefur starfað á heimilinu frá árinu 2008. Hún færir allt bókhald, stemmir af og annast samskipti við endurskoðendur. Hún ber einnig ábyrgð á útreikningi launa og afstemmingum því tengdu.

Aðstaða

Skrifstofan er á þriðju hæð í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur verið þar síðan í október 2014. Þar höfum við komið okkar vel fyrir og nýtist aðstaðan vel undir starfseminu sem þar fer fram. Skrifstofan er vel útbúin með tækjum og áhöldum og reynum við að uppfæra búnað eins og mögulegt er hverju sinni.

Fjármál

Eins og sjá má í ársreikningi SBH fyrir árið 2019 var rekstrarframlagið frá ríkinu 694,2 milljónir króna á móti 670,4 milljónum króna árið 2018. Hækkunin var tæpar 24 milljónir króna milli ára. Viðsnúningur varð í rekstri á árinu 2019 en á því ári skiluðu sér aðhaldsaðgerðir fyrri ára að fullu.

Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann töluvert undir áætlun á árinu. Liðurinn Önnur gjöld var 142.8 milljónir króna á árinu 2019, 134 milljónir króna á árinu 2018 en 123.8 millj. kr. á árinu 2017. Ástæða hækkunar á milli ára er m.a. sú að á árinu 2018 var gerður samningur við Heilsuvernd ehf. vegna lækniþjónustu og við það færðist kostnaður sem annars féll á launaliðinn yfir í önnur gjöld. Þessi kostnaður kom að fullu fram undir liðnum Önnur gjöld á árinu 2019. Sampykkt voru kaup á ýmsum búnaði sem var orðinn gamall og úr sér genginn. Keypt voru m.a. ný rúm, hægindastólar og annar búnaður fyrir íbúa og starfsmenn og að auki kemur fram stofnkostnaður vegna nýrra hnappa fyrir íbúa.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarliðurstaða ársins 2019 jákvæð sem nemur 24.5 milljónum sem er töluverður viðsnúningur frá fyrra ári en þá rekstarliðurstaðan neikvæð sem nemur 3.8 milljónum. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn.



Sundlaug

Sundlaugin er innilaug, sem er sérstaklega útbúin fyrir hreyfihamlaða og því með góðu aðgengi og lyftubúnaði. Laugin er 16.67 metrar á lengd og er vatninu haldið 32 gráðu heitu að jafnaði. Hún er opin tiltekna tíma fyrir þá sem hafa sundkort og er einnig leigð ýmsum hópum eftir samkomulagi. Þar á meðal er hún nýtt til þjálfunar og endurhæfingar fyrir íbúa heimilisins og gesti Þjónustumiðstöðvar. Rekstur laugarinnar er sérstaklega styrktur af Reykjavíkurborg en því miður hefur styrkurinn ekki haldið í við þróun verðlags. Var hann um nokkurra ára skeið 2.6 millj. kr. á ári en var 1.9 millj. kr. á árinu 2019 og hefur verið óbreyttur í nokkur ár. Eftirspurn eftir lokuðum tímum í lauginni hefur haldist stöðug. Á árinu var tekið í notkun nýtt aðgangsstýringarkerfi sem hefur reynst vel en inngangur í fataklefa er langt frá sundlaugarvörðum og með því að læsa aðgangi þá er engin hætt á að óviðkomandi aðilar geti farið inn í fataklefa.

3.4 Heimili



Alda Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur er sviðstjóri hjúkrunar hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Hlutverk Sjálfsbjargarheimilisins er að vera heimili fyrir hreyfihamlað fólk, sem þarf sérstaka aðstoð. Markmið heimilisins er að veita endurhæfingu þar sem komið

er til móts við hvern og einn íbúa í samræmi við óskir og þarfir viðkomandi og þannig stuðlað að eins innihaldsríku lífi og kostur er.

Búseta og starfsfólk

Búseta íbúa á Sjálfsbjargarheimilinu er tvíþætt í dag. Annars vegar búa einstaklingar í herbergjum og hins vegar í litlum íbúðum. Einnig eru tvö herbergi sem nýtt eru til hvíldar- og endurhæfingar fyrir einstaklinga. Á árinu 2019 dvöldu að jafnaði 31 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu og eru þeir með fulla hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu. Þar af voru 8 íbúar sem dvöldu í herbergjum á 5. hæðinni í B álmu og 23 íbúar sem búa sjálfstætt í íbúðum í C-álmunni.

Hvíldar- og endurhæfingarrýmiin hafa verið vel nýtt og góð samvinna er á milli iðjuþjálfra og hjúkrunarfræðinga um mat á nýtingu á þeim rýmum. 14 einstaklingar nýttu sér hvíldarrými á árinu og dvöldu þeir frá 4 dögum upp í 4 vikur. Sex einstaklingar komu oftast en einu sinni yfir árið. Það hefur sýnt sig að það er mikil þörf fyrir aðstandendur sem og einstaklinga að geta nýtt sér þetta úrræði til skamms tíma í einu, hvort sem er í virkri endurhæfingu eða hvíld.

Vel hefur gengið að fá starfsfólk til vinnu og er starfsmanna hópurinn fjölbreyttur og góður.

Starfsfólk hefur brugðist mjög vel við ef á þarf að halda, vegna veikinda og ef það vantar skyndilega á vakt. Læknar koma frá Heilsuvernd ehf. á fund einu sinni í viku, þar sem farið er yfir mál sem þarf að afgreiða. Þess utan eru þeir á bakvöktum kvöld, nætur og um helgar og á helgidögum. Það hefur gengið mjög vel.

Faglegt starf

Innlagningarteymi hittist einu sinni í mánuði til að fara yfir umsóknir sem berast til Þjónustumiðstöðvar, heimilisins og í hvíldarinnlagningar. Hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfarar eru þar í samvinnu með að fara yfir umsóknir og hafa síðan samband við umsækjanda. Töluvert hefur verið um umsóknir þar sem miklir hjúkrunarsjúklingar eru að leita að búsetu til langframa en stefna heimilisins er að taka inn einstaklinga í endurhæfingu til allt að 2ja ára.

Teymisfundir voru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði þar sem fram fer mikilvæg samvinna hjúkrunarfræðinga og iðjuþjálfara. Þar eru tekin fyrir mál einstakra íbúa og meðferðarúrræði rædd og fylgt eftir.

Gæðateymi hélt reglulega fundi á árinu. Þar var meðal annars rætt um fræðslu fyrir starfsfólk í líkamsbeitingu og kennslu við notkun hjálpartækja sem haldið var í janúar sl. Rætt var m.a. um brunavarnir, áhættumat, handbók sem verður á tölvutæku formi og símaskrá sem uppfærð var á netinu. Hjólagrindur voru settar upp fyrir þá sem hjóla í vinnuna. Nýliðafræðsla var skipulögð og haldin 5. júní fyrir nýtt starfsfólk. Skipulagðir voru örfyrirlestrar til starfsfólks sem fara af stað á nýju ári undir stjórn tveggja hjúkrunarfræðinga. Þar verður fræðilegt efni sem og fræðsla um dagleg vinnubrögð.

Skipulagðar voru göngur og boðið var upp á jóga fyrir starfsfólk

Starfsemi ársins

Í janúar kom Silja Aðalsteinsdóttir og las upp úr bókinni Kapítóla, en hún kom að síðustu útgáfu bókarinnar. Hallgrímur Helgason kom í maí og las upp úr bók sinni 60 kíló af sólskini og síðan kom Anna Valdimarsdóttir í september og las upp úr bókinni Saga Ástu eftir Jón Kalman og ræddi um bókina. Mikil ánægja hefur verið með að fá rithöfunda og fleiri til að lesa upp og ræða um bækur.

Teknir voru í notkun nýir hnappar fyrir íbúa sem eru töluvert frábrugðnir þeim sem fyrir voru. Núna geta íbúar talað við starfsfólk í gegnum hnappana og þetta veitir íbúum meira öryggi og minnkar hlaup starfsmanna. Hnapparnir hafa reynst vel og eru bæði íbúar og starfsmenn ánægðir með þá.

Í byrjun sumars voru sett niður sumarblóm í potta og ker og venju samkvæmt aðstoðuðu íbúarnir



við gróðursetninguna. Á eftir var síðan grillað á svölunum og allir borðuðu saman í einstaklega góðu veðri. Þess má geta að útiaðstaða við húsið var mikið notuð í sumar þar sem óvenju margir sólar dagar voru og var reynt að bjóða upp á ís og kaffi útivið. Farið var í helgarferð í Kistuholt seinni hluta júnímánaðar með nokkra íbúa og heppnaðist það mjög vel.

Bingó var haldið fyrir íbúa þann 9. október á vegum Lionsklúbbsins Ægis og tvö böll voru haldin á árinu, þann 21. mars og 7. nóvember, með undirspili innanhúss hljómsveitarinnar. Böllin eru alltaf mjög vinsæl. Farnar voru ferðir með íbúa í IKEA fyrir jólin, eins og venja hefur verið og einnig fóru nokkrir á kaffihús í miðbænum, einhverjir í leikhús og á tónleika. Ferðirnar eru alltaf vinsælar og brjóta upp hversdagleikann.

Tveir starfmenn létu af störfum á árinu. Sigríður S. A. Ágústsdóttir, sjúkraliði lét af störfum eftir 44 ár í starfi fyrir Sjálfsbjargarheimilið og Elín Ebba Guðjónsdóttir, lauk störfum eftir 26 ár hjá heimilinu. Þeim er þakkað fyrir vel unnin störf í öll þessi ár og óskað velfarnaðar í framtíðinni.



3.5 Þjónustumiðstöð



Valerie J. Harris iðjubjálfi er forstöðumaður og yfiriðjubjálfi Þjónustumiðstöðvar. Markmið Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargar (ÞMS) er að veita endurhæfingu og stuðningsþjónustu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og eða auka eigin færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Þjónusta ÞMS byggir á ákveðinni hugmyndafræði og uppfyllir hún kröfur heilbrigðisáætlunar og þarfir skjólstæðingsins. Þannig er unnið eftir markmiðum þeim sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur sett um endurhæfingu:

Endurhæfing felur í sér öll þau úrræði sem miða að því að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem fötlunin veldur og að gera fötluðum einstaklingum kleift að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Hún felur jafnframt í sér að ná aftur eins góðri líkamlegri, félagslegri og andlegri færni og mögulegt er.

Hjá ÞMS starfa 5 iðjubjálfar, þar af er einn þeirra forstöðumaður, 4 sérhæfðir aðstoðarmenn, og jógakennari (verktaki). Endurhæfingardagskrá ÞMS liggur að mestu í viðhaldsendurhæfingu og að nokkru í frumendurhæfingu og hæfingu.

ÞMS veitir 30 skjólstæðingum þjónustu á hverjum degi. Af 54 manna hópi sem sækir þjónustu hjá ÞMS eru 12 búsettir á Sjálfsbjargarheimilinu. Aðrir búa í eigin húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalaldur þjónustuþega var rétt tæp 59 árið 2019, sá yngsti er fæddur árið 1995 en sá elsti er fæddur árið 1942. Árið 2019 komu 7 nýir þjónustuþegar í þjónustumiðstöðina en 22 hættu.

Langflestir sem sækja um í ÞMS koma í beinu framhaldi af frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Mikil áhersla er lögð á að hafa þjónustuna samfellda svo að einstaklingar eru oft í byrjun 2-3 vikur bæði á Grensásdeild og ÞMS. Dögum á Grensásdeild fækkar síðan og dögum í ÞMS fjölga. Þetta fyrirkomulag hefur reynt vel. Aðrir skjólstæðingar koma frá taugasviði Reykjalunds, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi frá heimilislæknum.



Skjólstæðingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir skjólstæðinga og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir skjólstæðinga og aðstandendur þeirra. Þjónustan í PMS styðst við skjólstæðingsmiðaða þjónustu, en með þeirri þjónustuaðferð tekur skjólstæðingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sýnir þörfum hans og óskum virðingu og skilning. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga. Þjónustustundarskrá og markmið eru unnin fyrir hvern og einn og eru þau endurmetin á sex mánaða fresti, að lágmarki. Þjónustan er veitt hvar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast við þarfir hvers og eins.

Þjónustupegar

Áhersla er á að umsækjendur um þjónustu PMS séu á aldrinum 18 til 67 ára. Eftir 67 ára aldur er aðeins gert ráð fyrir takmarkaðri þjónustu t.d. 1-2 dögum á viku að hámarki. Einstaklingar sem hafa fengið þjónustu í PMS og eru að verða 67 ára fá markvissa þjálfun og stuðning til að kanna þjónustu eldri borgara og tengjast þeirri þjónustu. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef einstaklingar geta ekki nýtt sér öldrunarþjónustu vegna fötlunar og þurfa áfram sérhæfða þjónustu.

Árið 2019

Starfsemi PMS hefur gengið ágætlega en árið hefur ekki verið auðvelt. Vegna mannekle myndaðist langur biðlisti fyrir þjónustu sem hefur haft áhrif á umsækjendur, fjölskyldur þeirra og starfsemi Grensásdeildar. Einnig hefur ekki verið hægt að bjóða upp á alla þjálfunarhópa og einstaklingsþjálfun sem þörf er á. En góð þátttaka hefur verið í opinni dagskrá (tómstundaiðu, gönguhópum, jóga og svo framvegis) og lokuðum þjálfunarhópum sem hafa verið í boði. Ýmsar nýjungar voru í boði 2019, til dæmis tímar í bandvefslosun í samvinnu við fyrirtækið Happy Hips. Öllum nýjungum í þjónustu hefur verið vel tekið.

Mikilvægasta breytingin á árinu hefur verið breytt inntökufarli, núna er sameiginlegt inntökuteymi fyrir þjónustumiðstöð og heimili. Nýtt umsóknareyðublað var búið til í samvinnu við hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfara og framkvæmdastjóra. Nýtt inntökufarli hjálpar okkur til að veita betri og samfelldari þjónustu auk þess að efla teymisvinnu. Markviss endurhæfing með einstaklingum sem fluttu í búsetu á heimilið er líka byrjuð og gengur ágætlega með mikilli samvinnu á milli deilda. Þessi hluti af starfseminni á eftir að aukast.

Framtíðin

Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar sérhæfir sig í þjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem eru á milli 18 og 67 ára. Markvisst er unnið að því að finna önnur þjónustu úrræði í



öldrunarþjónustu fyrir einstaklinga sem eru að ná 67 ára aldri. Því miður gengur mjög erfiðlega að finna fólki viðeigandi þjónustu í dagþjálfun aldraðra í Reykjavík. Á meðan einstaklingar eru að biða eftir að fá úrræði í öldrunarþjónusta fær einstaklingur að nýta þjónustu hjá PMS tvisvar í viku. Það er ekki talið rétt eða ábyrgt að skilja einstaklinga eftir án nokkurar þjónustu.

Þróun síðustu ára hefur verið sú að einstaklingar og fjölskyldur þeirra sem sækja í þjónustu eru að takast á við mjög margt. Áskoranir þeirra tengjast líkamlegri og andlegri heilsu, fjárhag, of litlum stuðningi frá fjölskyldu og litlum stuðningi frá kerfinu. Því miður vantar oft upp á meiri þjónustu og stuðning á öllum þessum sviðum.

Starfsfólk PMS hefur staðið sig vel í að koma til móts við þá sem eru í þjónustu en við þurfum fleiri fagstéttir í okkar hóp til að geta veitt betri alhliða þjónustu. Vegna meiri tengsla við fjölskyldur og aukinnar fjölskyldumiðaðrar nálgunar í þjónustu er þörf á móttöku, viðtals og fundarherbergi fyrir fjölskyldufundi. Yngri einstaklingar eru að sækja um hjá okkur og það er mjög mikilvægt og koma til móts við þeirra þarfir fyrir endurhæfingu og stuðning. Starfsemin þarf svigrúm til að þróast til að geta boðið upp á meiri þjálfun fyrir þessa einstaklinga sem er fjölskyldu miðuð og oft út í samfélaginu eða heima hjá viðkomandi.


3.6 Þekkingarmiðstöð

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar (ÞMS) var sett á laggirnar árið 2012. Meginhlutverk ÞMS er að á einum stað sé til staðar yfirsýn yfir þá þjónustu, réttindi og þann aðbúnað sem hreyfihamlað fólk getur nýtt sér í daglegu lífi.

Að hafa gott aðgengi að greinargóðum upplýsingum um þessa þætti eflir hreyfihamlað fólk til sjálfstæðs lífs. Þetta er gert með söfnun og miðlun upplýsinga um fyrrnefnd atriði til hreyfihamlaðra, aðstandenda þeirra, fagaðila og almennings. Upplýsingamiðlunin fer fram í gegnum vefsíðu, fésbókina, tölvupóst, síma og á staðnum. Stofnun miðstöðvarinnar rímar við lög um málefni fatlaðra og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem bent er á að fötluðu fólk eigi að láta í té aðgengilegar upplýsingar þannig að það hafi frelsi til að taka eigin ákvarðanir, lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Þekkingarmiðstöðin flutti á árinu upp á 3ju hæð við Hátún 12 og er nú staðsett þar sem skrifstofur Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjargar lsh. eru. Hjá Þekkingarmiðstöðinni starfar Davíð Þorsteinn Olgeirsson.

Vefsíða ÞMS

Þjónusta ÞMS fer að langmestu leyti fram í gegnum síma og vefsíðu miðstöðvarinnar og má segja að vefsíðan sé hjarta og andlit starfsmanna. Vefsíðan er í stöðugri þróun og uppfærslu og markmiðið er að fólk finni þær upplýsingar sem það leitar að og þurfi því hvorki að hringja, senda póst eða mæta á staðinn. Við



sinnnum einnig þeim sem ekki leita sér upplýsinga á netinu, t.d. eldra fólk og innflytjendum.

Fjöldi heimsóknna á vefsíðu ÞMS hefur aukist jafnt og þétt frá því að hún var sett í loftið. Á árinu 2019 voru heimsóknir næstum 28.000 sem þýðir um 76 heimsóknir per dag alla daga ársins. Þá fjölgaði heimsóknum um tæplega 3.000 milli ára 2018 og 2019.

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleigan styrktist enn í sessi á árinu og hefur gengið ágætlega. Ýmis hjálpartæki eru til útleigu eins og hjólastólar, rafskutlur, göngugrindur, baðstólar, sliskjur, sjúkrarúm og fleira. Starfsmaður Þekkingarmiðstöðvarinnar annast símsvörun og gerð leigusamninga fyrir Hjálpartækjaleiguna. Vefsíða Hjálpartækjaleigunnar er <http://hjalpartaeki.is/> og einnig er til Facebook síða. Töluverð auking var í útleigu hjálpartækja á árinu 2019 í samanburði við árið á undan.

3.7 Mötuneyti



Garðar Halldórsson matreiðslumeistari er forstöðumaður mötuneytis SBH og stýrir daglegum rekstri þess. Mötuneyti Sjálfsbjargar er opið 365 daga á ári og þar er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat, ásamt því að mötuneytið sinnir margskonar verkefnum

svo sem veislum og stórafmælum, landsfundum Sjálfsbjargar og fleiri viðburðum. Grunnstarfsemin er þó að sjá íbúum fyrir mat alla daga ársins og þjónustuþegum í Þjónustumiðstöð.

Árið 2019 var viðburðaríkt. Haldin var þorraveisla í febrúar, bæði í matsal og Þjónustumiðstöð. Um páska var haldin dýrindis páskaveisla með öllu tilheyrandi.

Sumarið var ágætt og þónokkrir sólardagar þar sem grillað var úti á palli fyrir íbúa og starfsmenn. Starfsmenn voru einnig duglegir að grilla uppi á hæðum fyrir íbúa. Haustið kom svo með öllum sínum haustmat.

Jólahlaðborð var í boði bæði í matsal og



Þjónustumiðstöð. Á aðfangsdagskvöld og gamlárskvöld borðuðu íbúar og starfsmenn saman í matsal.

Starfsfólk mötuneytis heldur sínu striki, reynir að hafa góðan og fjölbreyttan mat á hverjum degi og leggur sig fram um að allir séu ánægðir og glaðir.

3.9 Fasteignausmsjón

Óskar Józef Óskarsson trésmiður er umsjónarmaður fasteignar Sjálfsbjargarheimilisins. Starf umsjónarmanns fasteigna tekur til margra ólíkra þátta. Árið 2019 var viðburðaríkt og farsælt í meira lagi. Unnið var að ýmsum framkvæmdum innanhúss og utan. Endurnýjaðar innréttingar og unnið að málun í þremur íbúðum á árinu. Ásamt því að sinna tilfallandi verkefnum fyrir leigutaka og íbúa sem alltaf eru ærin. Í Þjónustumiðstöð var málað anddyri og stigahús og í sundlaug voru endurnýjaðir bekkir og fleira. Hér eru talin upp helstu verkefni sem unnið var að en listinn er engann veginn tæmandi.

Reynt var að sinna útiverkum í félagi við Hilmi Stein sumarstarfsmann þegar vel viðraði síðasta sumar og var lyft grettistaki í hreinsun og tiltekt í garði. Vonandi nýttist garðurinn vel til útiveru á komandi sumri.

Einar Andrésson lét af störfum hjá Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra síðasta vor eftir áralanga og farsæla þjónustu. Hans er saknað en hann býr þó enn hér í húsi og er gott til þess að vita. Við starfslok Einars færðist viðhald á búnaði sundlaugar yfir á umsjónarmann fasteignar en mikill búnaður fylgir lauginni sem þarf að halda við reglulega til að tryggja gæði laugarinnar.

Viðhald og umhirða búnaðar sem og eftirlit er sífellt og þarf að sinna samhliða öðrum störfum. Umsjónarmaður sat námskeið hjá Iðunni



um skyldur og verkefni eldvarnarfulltrúa. Þó brunakerfi hússins sé umfangsmikið þá þarfnast kerfið eftirlits og úrbóta til að sinna sínu hlutverki.

Ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins 2019

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 12

Sjálfbjargarheimilið
Kennitala 500573-0159
Hátún 12, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Sjálfbjargarheimilið var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Á vegum Sjálfbjargarheimilisins er rekin eftirfarandi þjónusta:

- 1) Heimili fyrir hreyfihamlað fólk, sem þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Það er ætlað 34 íbúum, þar af tveimur í skammtímadvöl.
- 2) Sjálfstæð búseta með stuðningi. Af 34 íbúum heimilisins búa núna 24 einstaklingar í sjálfstæðri búsetu með stuðningi.
- 3) Þjónustumiðstöð, þar er sinnt fjölbreyttri endurhæfingar- og stuðningsþjónustu. Í þjónustumiðstöð eru 30 rými, sem um það bil 60 einstaklingar nýta hverju sinni. Mikill meirihluti skjólstæðinganna býr utan Sjálfbjargarhússins.
- 4) Sundlaug er aðgengileg innlaug fyrir íbúa heimilisins, skjólstæðinga þjónustumiðstöðvar og annað hreyfihamlað fólk.
- 5) Þekkingarmiðstöð Sjálfbjargar safnar og miðlar hagnýtum upplýsingum er gagnast fötluðu fólki um allt land. Þar er einnig sinnt símsvörum fyrir Hjálpartækjaleigu Sjálfbjargar.
- 6) Mötuneyti er ætlað íbúum Sjálfbjargarhúss, skjólstæðingum þjónustumiðstöðvar og starfsfólki Sjálfbjargarheimilisins og Sjálfbjargar.

Starfsemin á árinu

Framlag ríkisins til rekstursins í fjárlögum 2019 nam 694,2 milljónum króna og er það 3,5% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2019 námu bókfærðar eignir heimilisins 31,6 millj. kr. en skuldir 196 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi var neikvætt um 164,4 millj.kr. í árslok 2019.

Stöðugildi hjá heimilinu á árinu 2019 voru 54 og launagreiðslur heimilisins námu 548 millj. kr. á árinu.

Með ársreikningi fylgir fimm ára samanburður á rekstrar- og efnahagstölum.

Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2019 var rekinn með tæplega 24,5 milljóna hagnaði. Lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna hjá Sjálfbjargarheimilinu við B-deild eldri réttindakerfis LSR - Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var breytt í ársbyrjun 2016 með samningi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkissjóðs og Samtökum fyrirtækja í velferðapjónustu. Uppgjörið var gert með verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af Lífeyrissjóði ríkisins með 84 mánaða afborgunum frá apríl 2020 og voru þau færð til skuldar á langtímaskuldir heimilisins. Eignir hvers árs eru gjaldfærðar en safnast ekki upp á efnahagsreikning, en það og uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga hefur neikvæð áhrif á eigið fé heimilisins. Nánar er fjallað um þetta í skýringu 13.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokun reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla Covid-19 veirunnar haft veruleg áhrif á efnahagsumhverfi Íslendinga. Áhrif Covid-19 á starfsemi Sjálfbjargarheimilisins eru talin óveruleg. Félagið er á föstum fjárlögum og samdráttur annarra tekna er óverulegur.

Skýrsla stjórnar frh.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald heimilisins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2019 og breytingum á handbæru fé á árinu 2019. Allar skuldbindingar heimilisins koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin notkun Sjálfsbjargarheimilisins á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur heimilisins er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins.

Reykjavík, 22. júní 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Bergur Þorri Benjamín

Jón Heiður Jónsson

Jón Guðmundsson

Margrét S. Jónsdóttir

Ólafía Ósk Rúnaldsdóttir

Asta Dís Skjaldal

Þórunn Þorvaldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu heimilisins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð heimilinu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi heimilisins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara í álit okkar viljum við vekja athygli á sérstakri umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 13 þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu heimilisins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum heimilisins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning heimilisins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa heimilið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi heimilisins. Stjórnendum heimilisins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn framkvæmdarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits heimilisins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.


Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að heimilið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 22. júní 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.


Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi


Tryggvi Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrartekjur			
Ríkisframlag		694.200.000	670.400.000
Aðrar rekstrartekjur		28.651.113	29.405.145
	4	<u>722.851.113</u>	<u>699.805.145</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	548.357.608	562.001.866
Annar rekstrarkostnaður		142.844.763	134.057.657
		<u>691.202.371</u>	<u>696.059.523</u>
Rekstrarhagnaður			
		31.648.742	3.745.622
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	(7.164.524)	(7.609.818)
		<u>(7.164.524)</u>	<u>(7.609.818)</u>
Hagnaður (tap) ársins			
		<u>24.484.218</u>	<u>(3.864.196)</u>

25

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	2019	2018
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	3.133.126	3.636.993
Birgðir	7	2.815.554	2.759.635
Handbært fé	9	25.643.857	878.570
		<u>31.592.537</u>	<u>7.275.198</u>
Eignir samtals		<u>31.592.537</u>	<u>7.275.198</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap	10	(164.437.979)	(188.922.197)
		<u>(164.437.979)</u>	<u>(188.922.197)</u>
Skuldir			
Skuldir í íslenskum krónum	11	111.637.706	121.936.179
		<u>111.637.706</u>	<u>121.936.179</u>
Skammtímaskuldir:			
Bankalán		0	16.927.965
Viðskiptaskuldir		11.627.217	6.226.556
Næstaárs afborganir langtímaskulda	11	13.396.525	0
Aðrar skammtímaskuldir		57.377.030	45.993.557
Skuld við tengda aðila	12	1.992.038	5.113.138
		<u>84.392.810</u>	<u>74.261.216</u>
Skuldir samtals		196.030.516	196.197.395
Eigið fé og skuldir samtals		<u>31.592.537</u>	<u>7.275.198</u>
Aðrar upplýsingar	13, 14		

26

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Hagnaður (tap) ársins		24.484.218	(3.864.196)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		3.098.052	3.627.635
		<u>27.582.270</u>	<u>(236.561)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	503.867	432.262
Birgðir	7	(55.919)	(124.329)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		16.784.134	(8.701.126)
		<u>17.232.082</u>	<u>(8.393.193)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>44.814.352</u>	<u>(8.629.754)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar, breyting		(3.121.100)	1.056.021
Skammtímalán við banka, breyting ársins		(16.927.965)	7.582.743
		<u>(20.049.065)</u>	<u>8.638.764</u>
Hækkun á handbæru fé		24.765.287	9.010
Handbært fé í byrjun árs	9	878.570	869.560
Handbært fé í árslok		<u>25.643.857</u>	<u>878.570</u>

27

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sjálfstjórnarheimilið var sett á stofn árið 1973 af Sjálfstjórn landssambandi hreyfingamanna. Sjálfstjórnarheimilið rekur m.a. heimili fyrir hreyfingamannafólk, þjónustumiðstöð, sundlaug, þekkingarmiðstöð og mótuneyti fyrir íbúa Sjálfstjórnarheimilisins.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaáferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Upplýsingar um reikningsskilaáferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlausn tekna

Stærstu tekjuliður heimilisins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlöggin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur félagsins felast fyrst og fremst í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2019	2018
Laun	427.795.143	445.902.567
Launatengd gjöld	120.562.465	116.099.299
	<u>548.357.608</u>	<u>562.001.866</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 54 en voru 58 á fyrra ári.

Framkvæmdastjóri Sjálfstjórnarheimilisins lét af störfum á árinu. Laun og launatengd gjöld vegna starfsloka voru gjaldfærð að fullu.

Skýringar

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2019	Samtals 2018
Vaxtatekjur og verðbætur	638.960	0	146.176	785.136	387.413
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(7.688.968)	(260.692)	(7.949.660)	(7.997.231)
	<u>638.960</u>	<u>(7.688.968)</u>	<u>(114.516)</u>	<u>(7.164.524)</u>	<u>(7.609.818)</u>

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2019	2018
Matvælabirgðir	<u>2.815.554</u>	<u>2.759.635</u>
	2.815.554	2.759.635

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2019	2018
Viðskiptakröfur	1.543.676	2.072.050
Aðrar skammtímakröfur	<u>1.589.450</u>	<u>1.564.943</u>
	3.133.126	3.636.993

9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

10. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Ójafnað tap
Hreyfingar 2018:	
Staða í ársbyrjun	(185.058.001)
Tap ársins	(3.864.196)
Staða í árslok	<u>(188.922.197)</u>
Hreyfingar 2019:	
Staða í ársbyrjun	(188.922.197)
Tap ársins	24.484.218
Staða í árslok	<u>(164.437.979)</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

	2019	2018
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7%	125.034.231	121.936.179
	<u>125.034.231</u>	<u>121.936.179</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>125.034.231</u>	<u>121.936.179</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok. Lánið er tilkomnið vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Afborganir af langtímaskuldum heimilisins í árslok 2019 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	13.396.525
Árið 2021	17.862.033
Árið 2022	17.862.033
Árið 2023	17.862.033
Síðar	<u>58.051.607</u>
	125.034.231

Langtímaskuldir samtals kr. 125.034.231, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2020, færðar meðal skammtímaskulda	13.396.525
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>111.637.706</u>
	125.034.231

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Sjálfsbjargarheimilisins eru Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2019	2018
Tekjur	1.589.657	1.501.543
Gjöld	13.647.851	1.454.301
<i>Skuldir við tengda aðila</i>		
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra	1.992.038	5.113.138

Skýringar

13. Fjárhagsleg staða

Í árslok 2019 var eigið fé Sjálfsbjargarheimilisins neikvætt um 164,4 millj. kr. Skuldir heimilisins nema samtals 196 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 111,6 millj. kr. og skammtímaskuldir 84,4 millj. kr. veltufjárhlutfall er því 0,37. Eins og fram kemur í skýringu 11 eru langtímaskuldir tilkomnar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Þrátt fyrir lágt veltufjárhlutfall og neikvætt eigið fé telur stjórn Sjálfsbjargarheimilisins að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnunarmöguleika sé ekki hætt á greiðslufalli hjá heimilinu í nánustu framtíð.

14. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

	2019	2018	2017	2016	2015
Rekstur					
Ríkisframlag	694.200	670.400	641.500	605.500	574.200
Aðrar tekjur	28.651	29.405	28.242	27.742	26.038
Rekstrartekjur	722.851	699.805	669.742	633.242	600.238
Rekstrargjöld	(691.202)	(696.060)	(688.400)	(644.402)	(604.934)
Hagnaður f. fjárm.liði	31.649	3.746	(18.658)	(11.160)	(4.696)
Fjármagnsliðir	(7.165)	(7.610)	(5.793)	1.218	1.545
Hagnaður (tap) ársins	24.484	(3.864)	(24.451)	(9.942)	(3.151)
Efnahagur					
Veltufjármunir	31.593	7.275	7.574	39.968	41.563
Eignir samtals	31.593	7.275	7.574	39.968	41.563
Eigið fé	(164.438)	(188.922)	(185.058)	(160.608)	(150.666)
Skuldbindingar	0	0	0	125.537	133.459
Langtímaskuldir	111.638	121.936	118.309	0	0
Skammtímaskuldir	84.393	74.261	74.324	75.038	58.770
Eigið fé og skuldir	31.593	7.275	7.574	39.968	41.563

31

